

Heilsugæslustöðin Hveragerði

Hveragerði 25. nóvember 2003

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/332

komudagur 27.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: **Tillaga til þingsályktunar um tannvernd barna og unglinga.**
Þskj.25-25.mál Flm. Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson

Umsögn:

Þingsályktunar tillagan er góð og margt þar sem er til þess fallið að efla tannvernd barna. Það eru nokkur atriði sem huga þarf að. Lagt er til að heilsugæslan sjái um að tannlæknisþjónusta verði hluti af ungbarnavernd og skólaheilsugæslu.

Hvernig er það hugsað í útfærslu, sem viðbót við þá vinnu sem þegar er sinnt?

Er gert ráð fyrir að heilsugæslan ráði til sín tannlækna sem sinni þessari þjónustu?

Hvernig er hugsað að eftirfylgnin verði með því að barna sem heilbrigðisstarfsmaður leggur til að fara til tannlæknis, fari eins og um er beðið?

Verður það á ábyrgð heilsugæslunnar að foreldrar komi börnum sínum til tannlæknis ef það er vilji starfsmannsins?

Ungbarnaverndin og skólaheilsugæslan sjá í dag um forvarnir, leiðbeina um tannhirðu sjá um flúorskolun og svo mætti lengi telja. Það sem stendur útaf í þessum málaflokki er tannlæknisþjónustan.

Tannvernd barna er og verður háð því að foreldrar séu virkir og meðvitaðir um forvarnir og hafi getu til að standa undir þeim kostnaði sem leggst til við tannviðgerðir.

Ungbarnavernd, mæðravernd og skólaheilsugæsla eru þeir þættir í heilbrigðisþjónustunni sem er alfarið greitt af ríki. Því er hægt að sinna þeim heilbrigðisþáttum vel og ljúka þeim skildum sem lagðar eru á starfsfólk sem því sinna, óháð efnahag einstaklingana eða forráðamanna. Bólusetning, skoðun, mæling, vigtun og forvarnir eru framkvæmdir af heilbrigðisstarfsmanninum þegar viðkomandi einstaklingur mætir í eftirlitið. Það verður erfitt að leggja þær kvaðir á starfsmenn að bera ábyrgð á þeim þáttum sem ekki er hægt að ljúka innan stofnunarinnar og byggjast á því að forsvarsmaður barnsins fari eftir þeim tilmælum sem lagt er til.


Ef lagt er til að færa tannlæknaþjónustu til heilsugæslunnar verður að mínu mati að leggja til það fjármagn sem því umfangi fylgir.

Tannvernd er eins og áður sagði liður í ungbarna og skólaheilsugæslu það sem stendur útaf er tannlæknaþjónustan.

Heilsugæslustöðin Hveragerði

Að færa ábyrgð á tannheilsu barna af foreldrum/ forráðmönnum yfir á heilbrigðisþjónustuna útheimtir verulegt fjármagn t.a.m. sá kostnaður sem hlýst af tannlæknisþjónustu þessa aldurshóps sem um ræðir.

Virðingarfyllt,



Herdís Þórðardóttir

Framkv.stjóri heilsugæslustöðvar Hveragerðis